LEGGJUMST Á ÁRARNAR

- drögum úr eldsneytisnotkun fiskiskipa

Leggjumst á árarnar er greinaflokkur um mögulegar leiðir til að draga úr eldsneytisnotkun íslenska fiskiskipaflotans. Efnið verður birt í Útvegsblaðinu og víðar, s.s. á heimasíðum samtaka og fyrirtækja er þess óska. Helstu styrktaraðilar eru Orkusjóður og Útvegsblaðið.

Umsjónarmaður: Karl Eskil Pálsson.

HLUTI 1 AF 6



STREAMLINE TROLL
Trollið dregur verulega úr togmótstöðu fiskiskipa.

Ísfell kynnir nýtt troll:

Dregur verulega úr eldsneytisnotkun

Gerð veiðarfæris hefur mikil áhrif á olíunotkun fiskiskipa, en olía er næst stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri útgerðanna. Hvatinn til sparnaðar er því augljóslega ríkur. Talið er að minnsta kosti þriðjungur af heildarnotkuninni fari beint í að draga togveiðarfærin. Birkir Agnarsson framleiðslustjóri Ísfells segir að veiðarfæri íslenska flotans hafi tekið verulegum breytingum á undanförnum árum, hönnun þeirra miðist við að draga sem mest úr eldsneytisnotkun. Ísfell er eitt öflugasta fyrirtækið á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi, fyrirtækið rekur sex veiðafæragerðir á landinu undir nafninu Ísnet. „Skipið verður að ráða við veiðarfærið, togmótstaðan skipir höfuðmáli. Við hjá Ísfelli hönnum veiðarfærin í náinni samvinnu við útgerðirnar, enda er þekkingin hjá skipstjórum og sjómönnum mikil í þessum efnum. Hjá okkur er sömuleiðis góð þekking og reynsla til staðar. Auk þess er norska fyrirtækið Selstad A/S stór hluthafi í Ísfelli og þar á bæ fer fram mikil rannsókna- og þróunarvinna.

Birkir segir að Ísfell kynni fljótlega til sögunnar nýja gerð af trollum, Streamline. „Við höfum verið að prófa þau í veiðafæratanki og mér er óhætt að segja að allar tilraunir lofa góðu. Selstad A/S hefur þegar selt nokkra tugi Streamline trolla í Noregi. Okkur sýnist að þau dragi úr togmótstöðu um allt að fjórðung. Þegar verðið á eldsneytinu er svona hátt munar sannarlega um minna. Helsta nýjungin í Streamline trollinu er að það er hannað með orkusparnað í huga og munar þar mest um nýja gerð af PE neti, svo kallað Streamline net.

Samkvæmt nýrri skýrslu eldsneytishóps orkuspárnefndar gefur 10 % mótstöðuminnkun 3-4 % orkusparnað miðað við heildarnotkun fiskiskipaflotans. „Það er því augljóst að með þessum nýju trollum sparast stórar fjárhæðir", segir Birkir.



OLÍUTANKAR Líklegt er að innflutningsverðið hafi verið um 21 milljarður króna, miðað við meðalverð á olíu og dollar. Þetta eru gríðarlegir fjármunir.

Innflutningsverð eldsneytis á fiskiskipaflotann:

21 milljarður króna í fyrra

Fiskiskipaflotinn er einn stærsti notandi eldsneytis hér á landi og olíukostnaðurinn er fyrirferðamikill í bókhaldi útgerða. Olía er næst stærsti kostnaðarliðurinn, á eftir launakostnaði. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um eldsneytisnotkun flotans í fyrra, en ekki er fjarri lagi að flutt hafi verið inn um 270 þúsund tonn af skipagasi og svartolíu á árinu. Magnús Ásgeirsson hjá N1 segir líklegt að innflutningsverðið hafi verið um 21 milljarður króna, miðað við meðalverð á olíu og dollar. Þetta eru gríðarlegir fjármunir.

Á tímum skorts á gjaldeyri er augljóst að hvert prósent sem sparast í eldsneytisnotkun kemur ekki aðeins útgerðum og sjómönnum til góða, heldur þjóðarbúinu öllu.

Verkefninu Leggjumst á árarnar er ætlað að benda á leiðir til að draga úr notkuninni. Þótt margt hafi áunnist á undanförnum árum. Nefna má sem dæmi nýja orkugjafa, bætt veiðarfæri, sparneytnari vélar, hagkvæmari skip og síðast en ekki síst margvíslegar tækninýjungar.



Á þessari fyrstu síðu af sex er fjallað um nýtt troll sem er að koma á markaðinn og hugsanlega metanvæðingu trilluflotans. Tvær leiðir sem hugsanlega getað dregið úr eldsneytisnotkun íslenskra fiskiskipa, sem er klárlega eitt af okkar stóru hagsmunamálum. Tölurnar tala sínu máli.

Kannar hvort hægt sé að metanvæða trilluflotann

- rannsóknarvinna hefst í haust

METAN ehf kannar möguleika á að koma fyrir metangeymum í hefðbundnum dagróðrarbáti og keyra vél bátsins á metaninu ásamt því að meta kosti og galla þess.



Metan ehf er í meirihlutaeigu SORPU bs, en SORPA býr nú þegar yfir tækni til að hreinsa metan úr hauggasi, en hráefni sem nýtt er til framleiðslunnar er meðal annars allt lífrænt efni frá heimilum og fyrirtækjum, seyra, fiskúrgangur og flestur annar lífrænn úrgangur.

Bjarni G. Hjarðar yfirverkfræðingur hjá SORPU segir að mikið magn af urðuðu sorpi sé á urðunarstað fyrirtækisins á Álfsnesi. Haugarnir gefa af sé hauggas sem SORPA hreinsar í bifreiðaeldsneyti. Hann segir að í undirbúningi sé að koma fyrir metangeymum í dagróðrarbáti.

„Við höfum áhuga á að athuga kostnað við slíkan búnað og uppsetningu í bátum, hvaða vélar henta best og svo framvegis. Þá þarf einnig að reikna út kostnaðinn við að breyta dísilvél í tvíorkuvél sem getur nýtt blöndu af metani og dísil. Sömuleiðis þarf að athuga kostnað við áfyllingarbúnað í höfnum landsins og leggja mat á kostnað við dreifikerfi svo þetta gæti allt saman orðið að veruleika."



Bjarni segir að rannsóknarverkefninu verði hleypt af stokkunum í haust, þannig að línur verði farnar að skýrast á næsta ári.

„Hugmyndin er að setja búnað um borð í einn bát og við finnum fyrir greinilegum áhuga smábátaeigenda á verkefnnu. Verði niðurstaðan jákvæð er fyrst og fremst um að ræða umhverfislegan ávinning. Vélar smábáta noti þá að hluta innlendan orkugjafa, en ekki innfluttan með tilheyrandi kaupum á gjaldeyri. Við hjá SORPU vonum sannarlega að smábátaflotinn geti í framtíðinni notað innlenda vistvæna orku að einhverju marki."

Sjá um fleiri verkefni á www.Metan.is Framkvæmdastjóri Metan ehf er Björn H. Halldórsson.

Orkusjóður
Útvegsblaðið
Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Slippurinn Akureyri
SAMHERJI HF